

Nd. **457. Frumvarp til laga** [222. mál]
um breyting á læknaSKIPUNARLÖGUM, nr. 43 12. maí 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Við 7. gr. bætist eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar læknistöður, sem bundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði.

Ráðherra setur reglugerð um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

2. gr.

9. grein orðist svo:

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ hluta launa héraðshjúkrunarkvenna, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í læknishéraði. Sé hérað læknislaust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur í samráði við héraðslækni og landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

3. gr.

13. grein orðist svo:

Heimilt skal, að fenginni umsögn landlækni og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um lækniþjónustu í strjálbýli að loknu námi.

Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enda þótt heildarendurskoðun standi yfir á heilbrigðislöggjöfnni og frumvarp þar að lútandi verði væntanlega lagt fram á yfirstandandi þingi, hefur verið talið nauðsynlegt að gera breytingar á núgildandi læknaSKIPUNARLÖGUM í þeim tilgangi aðallega að reyna að bæta héraðslækniþjónustuna.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að reynt verði að stofna sérstakar læknisstöður við ríkisspítala, sem séu bundnar skilyrðum um einhverja þjónustu í héraði. Hér er farið inn á braut, sem Læknafélag Íslands hefur bent á sem líklega til að leysa vandamál héraðslæknisþjónustunnar að einhverju leyti. Er gert ráð fyrir, að reglugerð verði sett um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

Um 2. gr.

Í greininni felst rýmkun á gildandi lögum þar sem aðeins er heimilað að 6 hjúkrunarkonur starfi hverju sinni í héruðum alls. Gert er ráð fyrir að heimila starf ótiltekins fjölda héraðshjúkrunarkvenna, enda sé ráðningin gerð í samráði við héraðslækni og landlækni og ráðherra staðfesti ráðninguna.

Þá er það nýmæli, að sé hérað læknislaust greiði ríkissjóður laun þessara hjúkrunarkvenna að fullu. Er hér raunar verið að staðfesta þá framkvæmd, sem verið hefur, því læknishéraðasjóðir hafa greitt laun hjúkrunarkvenna á móti ríkissjóði, þar sem svo hefur staðið á undanfarið ár.

Um 3. gr.

Með greininni er lánnum læknastúdenta með kvöð um starf í héraði breytt í styrki og gert ráð fyrir, að með reglugerð verði sett strangari ákvæði en nú eru um uppfyllingu þessara kvaða.

Þessi breyting er gerð í samráði við Félag læknanema við Háskóla Íslands.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ

um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús. krónur, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

2. gr.

Veita má sama stúdent styrk í allt að 3 ár, þó aldrei fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

3. gr.

Umsóknir um slíka námsstyrki skal rita á sérstök eyðublöð, sem heilbrigðismálaráðuneytið lætur gera, og skal þar gerð grein fyrir efnahag umsækjanda, námsferli og öðru því, sem ráðuneytið telur skipta máli.

Umsóknir skal senda landlækni fyrir 1. janúar ár hvert. Leitar hann umsagnar læknadeildar háskólans um umsækjendur.

Að fenginni umsögn læknadeildar gerir landlæknir tillögur til heilbrigðisráðherra um það hverjir skuli hljóta styrki.

4. gr.

Styrkþegi skal skuldbinda sig til að gegna læknisþjónustu í héraði þannig að hver styrkveiting jafngildi einu almanaksári í læknishéraði.

5. gr.

Styrkþegi skal vera reiðubúinn til að gegna lækniþjónustu í héraði 1½ ár eftir lækniþróf og í því héraði, sem landlæknir ákveður eða styrkþegi óskar.

Hafi þjónustu styrkþega eigi verið óskað 2½ ári eftir lokapróf, fellur niður skylda hans til þjónustu í héraði, enda semjast eigi öðruvísi milli landlæknis og styrkþega.

6. gr.

Geti styrkþegi ekki uppfyllt skyldur sínar, af ástæðum, sem landlæknir metur gildar, skal hann þá þegar hefja endurgreiðslu styrkja þeirra, sem hann hefur notið, og endurgreiða þá ásamt vixilvöxtum, þannig að hver styrkveiting endurgreiðist á einu ári, a. m. k. ¼ hluti á 3ja mánaða fresti ásamt áföllnum vöxtum.

7. gr.

Ráðuneytið lætur gera samning og skulu þar prentaðir skilmálar þeir, sem styrkþegi gengst nudir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjör þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, önnur en fjárhæð, gilda einnig fyrir þá, sem námslán fengu árið 1970—71 enda verði svo um samið við hvern og einn.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaþjónunarlaga nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.